



6. fundur stjórnar LH 2024-2026
4. desember 2024 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Ragnhildur Gísladóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Reynir Atli Jónsson, og Jón Þorberg Steindórsson.

Forföll boðuðu: Hilmar Guðmannsson, Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Einnig mætt: Jónína Sif Eypórsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Kynning á nýrri vefsíðu – Jónína Sif Eypórsdóttir

Vefsíða LH er vistuð hjá Stefnu en fyrirtækið mun hætta með forritunargrunninn sem vefsíðan byggir á, og taka upp annað vefumhverfi. Stefna hefur gefið okkur þrúfuaðgang að nýju kerfi sem myndi gjörbæta heimasíðuna og býður upp á mikla möguleika.

Afgreiðsla: JSE falið að fá tilboð í nýja vefsíðu hjá Stefnu og kanna reynslu fyrirtækja sem hafa þegar tekið þetta kerfi í notkun.

3. Formaður fer yfir stöðuna frá síðasta fundi

- Lögfræðingur JRS hefur þegist boð um fund með JRS, formanni og stjórnarmanni nk. þriðjudag í fjarfundum.
- *FEIF-þingið* - Rætt um mögulega kandiðata í nefndir og stjórn. Rætt frekar á næsta fundi.
- *Vinnuhelgi stjórnar* verður 10. og 11. janúar- fundað í fundarsölum ÍSÍ.

4. Framkvæmdastjóri fer yfir helstu verkefni á skrifstofu

- *Landsliðshelgin – Leiðin að gullinu*
Kennslusýningar A-landsliðs og sýningar U21-landsliðs og Hæfileikamótunar heppnuðust mjög vel. Sýningarnar gáfu góða innsýn í afreksstarf LH, faglegar og vel undirbúnar hjá þjálfurum og þeim knöpum sem fram komu. LH þakkar öllum sem að sýningunum komu fyrir vel unnin störf.

Fremur dræm aðsókn var á sýningarnar og eru eflaust margþættar skýringar á því. Landsliðsnefnd mun í kjölfarið leggja í greiningu á viðburðinum, hvernig væri hægt að þróa viðburði landsliðsnefndar og hvað myndi trekkja að áhorfendur.

- *Fundarritari landsþings* er búin að skila af sér ítarlegri þinggerð og er hún í yfirlestri.

5. Staða verkefna

Farið yfir verkefnalista stjórnar;

Nefndir:

Starfshópur um hestaíþróttir fatlaðra; Hákon Hákonarson skipaður formaður.



Næsti fundur boðaður miðvikudag 11. desember kl. 20.00.

Fundi slitið kl. 21.13